

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Lambastekkur 5-11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 26. júní 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I, neðra Breiðholts, vegna lóðarinnar nr. 5-11 við Lambastekk. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir bílgeymslu við norðurhlíð hússins nr. 9 við Lambastekk og breytt notkun núverandi bílgeymslu í vinnustofu og geymslu.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 145.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi Laugavegs 143-145 vegna lóðarinnar nr. 145 við Laugaveg. Í breytingunni felst að kröfu um fjölda bíla- og hjólastæða er breytt til samræmis við samþykktar reglur um bíla- og hjólastæði í Reykjavík.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Héðinsreitir, reitur 1.130.1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 18. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit. Breytingin nær til byggingarreita, byggðamynsturs, lóðamarka, hæða húsa og starfsemi á jarðhæðum. Felld er úr gildi byggingarheimild fyrir hjúkrunarrými og heimild bætt inn fyrir samsvarandi byggingarmagn undir íbúðir og heimild er sett inn fyrir hótél við Seljaveg.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Álftamýri 7-9.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. júní 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir Álftamýri 1-5 og 7-9 vegna lóðarinnar nr. 7-9. Í breytingunni felst m.a. að byggð er ein hæð ofan á núverandi tveggja hæða byggingu og viðbygging á lóðarmörkum lóðar nr. 1-5 við Álftamýri verður hækkuð um tvær hæðir til jafns við aðalhúsið og framlengd að byggingarlínu norðurhlíðar á 2. og 3. hæð, horn jarðhæðar er enn opið.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Teigahverfi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðanna nr. 24 við Kirkjuteig og nr. 19 við Gullteig. Í breytingunni felst að stækka núverandi byggingu leikskólans þannig að skólinn verði átta deilda leikskóli. Færanlegar kennslustofur við leikskólann verða fjarlægðar, sem og byggingarreitir fyrir þær. Um er að ræða byggingarreit fyrir allt að tveggja hæða byggingu að hluta til og verður hluti þaks á 1. hæð notaður sem leiksvæði barnanna. Norðanmegin við núverandi leikskóla-byggingu verður gert nýtt leiksvæði og einnig við lóðamörk leikskólans í austur sem munu nýtast bæði

börnunum í Laugarnesskóla og þeim sem eru í leikskólanum Hofi. Lóð leikskólans verður stækkuð til norðurs.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. júlí 2019.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. ágúst 2019